

119
18. sept.

Vogsósar	20 kr.
Einholt	20 —
Fljótshlíðarþing (auk 20 kr. 5. apríl)	20 —
Knappstaðir (auk 20 kr.)	20 —
Þönglabakki (auk 20 kr.)	20 —
Grimsey (auk 22 kr.)	20 —

Þessar tillögur eru hjer með samþykktar.

120 — *Brjef landshöfðingja til prófests sira Eiríks Briems um styrk til að leysa*
18. sept. *af hendi stýrimannsþróf.* — Með þessu brjefi var Sigurði nokkrum Sigurðs-
syni frá Vatnsnesi í Húnavatnssýslu, er prófasturinn hafði kennt stýrimannsþrófi, veittur
200 kr. styrkur til að leysa af hendi stýrimannsþróf í Kaupmannahöfn, og prófastinum
veitt 50 kr. þóknun fyrir að hafa kennt Sigurði undir þetta þróf.

121 — *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um kartöflufluguna.* —
24. sept. Eins og sjá má af umburðarbrjefi frá innanríkisstjórnarherra til allra amtmanna í
Danmörku, sbr. þ. á. Ministerialtid. A nr. 149, hefir kartöfluflugan gjört vart við sig
víða á Þýzkalandi. Með því að eigi er uggvant eptir þessu, að hún kynni að flytjast til
Íslands með þýzkum kartöflum, eruð þjer, herra landshöfðingi, þjónustusamlega beðnir
að leiða athygli landsbúa að þessari hættu, og skora á almennung að segja hreppstjóra
eða lögreglustjóra tafarlaust til, ef kvikindi þetta gjörir vart við sig, og fylgja brjefi þessu
nokkrar myndir af því til útbýtingar. Ef unnt er, skal jafnframt senda hreppstjóra eða
lögreglustjóra nokkur sýnishorn af flugunni, og ber lögreglustjóra að gjöra tafarlaust ráð-
stafanir til að eyða henni, og senda landshöfðingja sem fyrst skýrslu um, að flugunnar
hafi orðið vart.

122 — *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um*
5. okt. *rannsókn á dýrasjúkdómum.* — Jafnframt því að senda yður, herra amt-
maður, skýrslur dýralæknis Snorra Jónssonar frá 9. desbr. f. á. og 23. maí þ. á. um
rannsóknir hans á dýrasjúkdómum í Múlasýslum, bið jeg mjer tjáðar tillögur yðar, eða
ef þjer skylduð finna tilefni til að bera mál þetta upp fyrir amtsráðinu, þá ráðsins um það,
hvort amtið óski styrks úr landssjóði til þess að geta látið tjeðan dýralækni halda áfram
rannsóknum sínum næsta ár, og vænti jeg þá um leið að fá tilkynningu yðar um, hve
mikið fje búast megi við, að amtið leggi fram í þessu tilliti.

Í sambandi hjer við skal þess getið yður til leiðbeiningar og til birtingar fyrir
hlutaðeiganda, að jeg sje mjer ekki fært að láta útborga að ári dýralækni Snorra Jóns-
syni neinn styrk úr landssjóði, nema því að eins að amtið geti notað aðstoð hans, þar
sem alþingi bæði felldi frumvarp stjórnarinnar um skipun dýralækna og uppástungu
frá mjer um að taka laun dýralæknisins inn í fjárlögin.

123 — *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um*
11. okt. *verðlaun fyrir björgun úr sjávarháaska.* — Samkvæmt tillögum yð-